

sér að innheimta að skaðlausu fyrir bankann, hafi honum verið skylt að gjöra bankanum skil fyrir upphæðinni án afdráttar, er honum tókst að innheimta hjá víxilskuldara, og að hann verði að láta sér nægja innheimtukaup það, er hann fekk og gat fengið hjá honum.

Fyrir því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm bæði í aðalefni hans og að því er málskostnaðarákvæði hans snertir. Eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá því, að greiða stefnda málskostnað fyrir yfir-dómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Guðmundur sýslumaður Eggerz greiði stefnda Emil Schou bankastjóra fyrir hönd Íslands banka 20 kr. sem málskostnað.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 15. aprilmán.

Nr. 28/1906:

Oddur Gíslason málsfærslum.
fyrir hönd P. Jörgensen í Khöfn
gegn

H. S. Bjarnarson á Ísafirði.

D ó m u r:

Aðilar máls þessa, verksmiðjueigandi P. Jörgensen

í Kaupmannahöfn og konsull H. S. Bjarnarson á Isafirði gjörðu með sér samning 26. marz 1902, er meðal annars ákvað, að Jörgensen skyldi selja H. S. Bjarnarson steinollumótör fyrir 800 kr.; átti mótörinn að vera afhentur á skip í Kmhöfn í síðasta lagi 1. júlí 1902; borgunina skyldi greiða í síðasta lagi 8 dögum eftir að búíð væri að setja vélina í bát, og þó því að eins, að vélin þá reyndist viðunanleg (tilfredsstillende), og átti að greiða borgunina á verksmiðju Jörgensens í Kmhöfn honum að kostnaðarlausu; maður, þar til hæfur (Montör), er Jörgensen sendi til Ísafjarðar, skyldi setja vélina í bát þann, er til þess væri ætlaður (»foretage Installationen«). Jafnframt og með sama samningi fékk Jörgensen H. S. Bjarnarson einkarétt til að selja hér á landi sína mótora, og var svo um samið, að Bjarnarson skyldi fá í sölu-laun 20⁰/₀ af söluverði mótóranna, er P. Jörgensen átti að ákveða. Í sambandi við þetta var það enn fremur ákveðið, að ef Jörgensen seldi beina leið til kaupenda á Íslandi, skuli hann alt að einu »svara Bjarnarson ofangreindum 20⁰/₀ af söluverði mótorsins«. Samningur þessi stóð þó eigi nema 1 ár, því að með bréfi, dags. 14. nóvbr. 1902, sagði Jörgensen honum upp til 26. marz næst á eftir, og er uppsögnin í samræmi við ákvæði samningsins sjálfs. Ofanefndur mótör, er Jörgensen lofaði að selja Bjarnarson, var þó eigi afgreiddur fyrir 1. júlí 1902; var hann fyrst sendur frá Höfn með ofanefndu bréfi Jörgensens 14. nóvbr. 1902, og til Ísafjarðar kom vélin eigi fyrr en í febrúar 1903. Maðurinn, sem átti að koma með henni og setja hana í bátinn, kom eigi þangað fyrr en í apríl, og þá má ætla að vélin hafi fyrst verið látin í bát. H. S. Bjarnarson

borgaði þó eigi vélina eins og um var samið, en skrifar Jörgensen bréf 12. maí 1903, og getur þess, að hann hafi fengið vélina svo seint, að hann hafi eigi getað látið setja hana í bát (installeret) fyr en í apríl 1903; þetta hafi bakað sér verulegt tap og jafnframt hafi hann farið á mis við verulegan ágóða, með því að hann hafi eigi haft mótorá Jörgensens til sölu. Segir Bjarnarson síðan í greindu bréfi: »Den Skade jeg har lidt ved denne Deres dobbelte Forsinkelse anslaar jeg idetmindste til 3000—4000 Kr.«. Þennan skaða, segir Bjarnarson í sama bréfi, að hann áltí á Jörgensen eigi að bæta sér fyrir, ef eigi að öllu leyti, þá þó að nokkru leyti (»saa dog noget af det mig paaførte Tab«), og fyrir því sendi hann Jörgensen eigi borgunina fyrir mótorinn. Jörgensen fékk síðan þessa kröfu sína í hendur málfærslumanni 14. okt. 1905, og höfðaði hann mál á móti H. S. Bjarnarson til þess að fá dóm fyrir andvirði mótorsins 800 kr., 6⁰/₁₀ vöxtum af andvirðinu, innheimtulaunum og málskostnaði að skaðlausu. Bjarnarson gagnstefndi í sökinni í héraði, og krafðist skaðabóta af sækjanda að upphæð 27100 kr. eða eftir óvilhallra manna mati, og málskostnaðar að skaðlausu. Málum þessum, aðalmálinu og gagnsóknarmálinu, var ráðið til lykta með dómi gestaréttar Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 14. marz f. á, á þá leið, að gagnstefnandi konsúll H. S. Bjarnarson á Ísafirði skyldi greiða aðalstefnanda Oddi Gíslasyni fyrir hönd P. Jörgensen 500 kr. ásamt vöxtum frá stefnudegi, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir yfirréttarmálsfærslumaður Oddur Gíslason í umboði fyrir P. Jörgensen skotið til yfirdómsins með stefnu útgefni 14. maí f. á. og kraf-

ist þess, að gagnsóknarmálinu verði vísað frá undirréttinum, og að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum gagnsækjanda þar, en að dóminum verði í aðalmálinu breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að borga alt hið umstefnda mótorverð 800 kr. með 6⁰/₁₀ vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, hæfileg innheimtulaun af skuldinni og málskostnað fyrir báðum réttum með hæfilegri upphæð eftir réttarins mati. — Af sinni hálfu hefir konsúll H. S. Bjarnarson gagnáfrýjað málinu með stefnu 7. sept. f. á. og krafist þess, að dóminum verði breytt svo, að hann verði algjörlega sýknaður í aðalmálinu, en að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér skaðabætur að upphæð 27100 kr. eða eftir dómkvaddra manna mati, ásamt 5⁰/₁₀ vöxtum af þessari upphæð frá gagnstefnudegi, en til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hann og dóms fyrir málskostnaði fyrir báðum réttum. Aðaláfrýjandi hefir mótmælt kröfum þessum.

Þegar gagnáfrýjandi loks fekk mótor þann frá Höfn, sem hann hafði samið um við aðaláfrýjanda, en hann segir að það hafi verið í febr. 1903, tók hann á móti honum, lét setja hann í bát og notfærði sér hann, sbr. bréf hans til aðaláfrýjanda 12. maí 1903, og fann hann þá eigi neitt að vélinni, enda seldi hann hana nokkru síðar fyrir sæmilegt verð, eftir því sem komið er fram í málinu. Það verður því eigi álitid að hann nú svo löngu síðar geti færst undan að greiða kaupverðið, eins og um var samið, 800 kr. með vöxtum 6⁰/₁₀ frá stefnudegi 29. jan. f. á. unz borgun fer fram.

Um gagnmálið skal það fyrst tekið fram, að þar sem aðaláfrýjandi hefir krafist, að því verði vísað frá undirréttinum, þá á þessi krafa við engin rök að styðjast.

Kröfur gagnáfrýjanda eru náskyldar kröfu aðaláfrýjanda að því leyti að allar kröfurnar eru runnar af sama samningnum og snerta sömu viðskiftin þeirra á milli. Gagnáfrýjandi hafði því rétt til þess að koma þessum kröfum sínum inn í aðalmálið með gagnsókn, og eftir N. L. 1—4—20 gat hann stefnt umboðsmanni aðaláfrýjanda í aðalmálinu til að svara til sakar í gagnmálinu.

Þá skal það tekið fram, að eigi verður litið svo á, að gagnáfrýjandi hafi fallið frá öllum skaðabótakröfum gegn aðaláfrýjanda, er hann í apríl 1903 tók á móti mótornum og lét setja hann í bát sinn, enda segir gagnáfrýjandi það berum orðum í bréfi sínu 12. maí 1903 til aðaláfrýjanda, að hann telji sig eiga skaðabótakröfu á hendur honum, og fyrir því sendi hann honum eigi mótörverðið.

Gagnáfrýjandi gjörir skaðabótakröfu á hendur aðaláfrýjanda fyrir þær sakir, að áðurnefndur mótör hafi komið til hans fullu missiri síðar en vera átti, og gefur hann aðaláfrýjanda sök á því, og sömuleiðis fyrir það, að hann hafi ekki fengið verðlista fyrir mótarana frá aðaláfrýjanda, sem hann þó hafi hvað eftir annað beðið um, en án verðlistanna hafi hann eigi getað haft mótarana á boðstólum. Þessi síðara ástæða er þó eigi svöxvin, að á henni verði nein skaðabótakrafa byggð gegn aðaláfrýjanda, því að verðlistanna er alls eigi getið í samningi málsaðilanna, og það var aðaláfrýjanda sök að búa sig út með verðlistum frá Höfn, er hann fór þaðan, eftir að hafa gjört samninginn; enda heldur aðaláfrýjandi því fram, að hann hafi þá fengið nokkra verðlista hjá P. Jørgensen.

Skaðabótakrafa áfrýjanda er þannig sundurliðuð:

1.	Báturinn fyrir vélina varð dýrari en þurft hefði, um	kr.	300
2.	Tap á veiðarfærum	—	400
3.	Orðið af inntekt af mótorsölu til dato 20 ⁰ / ₀ af 68000 kr.	—	13600
4.	Orðið af inntekt af fiskiveiðum og flutningum m. m. 1902—06	—	12000
5.	Tap á bátnum við sölu hans	—	800
6.	Ferðakostnaður til Hafnar í mótorerindum 1901—1902	—	1500

Ennfremur sölulaun af mótör, er aðaláfrýjandi seldi nafngreindum manni hér á landi um áramótin 1902—03, meðan samningur málsaðilanna enn var í gildi. Verð mótorsins var 1500 kr., og sölulaunin, 20⁰/₀ eftir samningnum, fyrir því 300 kr.

Það er rétt, að mótörinn, sem aðaláfrýjandi átti að láta gagnáfrýjanda fá, og átti að vera kominn á skip í Kmhöfn eigi síðar en 1. júlí 1902, var eigi sendur þaðan fyrr en 14. nóvbr. um haustið, og kom eigi til Ísafjarðar fyr en í febr. 1903. Þessi dráttur á sendingu mótorsins var sök aðaláfrýjanda, og getur hann eigi komist hjá að bera ábyrgð á honum gagnvart gagnáfrýjanda og greiða honum endurgjald fyrir skaða þann, er hann sennilega hefir beðið við dráttinn. Kostnaður sá, sem talinn er af gagnáfrýjanda undir tölul. 1., 2., 5. og 6. að framan, stafaði alls eigi, þótt sannaður væri til fulls, af drætti þeim, sem varð á komu mótorsins til Ísafjarðar, og verður því eigi tekinn til greina til ábyrgðar fyrir aðaláfrýjanda. Skaðabótakrafan undir tölul. 3. á að

styðjast við þau rök, að gagnáfrýjandi hafi farið á mis við mótorsölu sökum hinna vantandi verðlista, en eins og að framan er sagt, verður aðaláfrýjanda eigi gjörð ábyrgð fyrir þessa sök. Þá er 4. tölul., tap á fiskiveiðum og flutningum m. m. árin 1902—06, kr. 12000. Eins og áður segir, átti motorinn að vera kominn á skipsfjöl í Höfn til hingaðflutnings eigi síðar en 1. júlí 1902, og má þá gjöra ráð fyrir, að hann hefði átt að vera kominn til Ísafjarðar í ágústmánuði s. ár, en eins og fyr segir, kom hann eigi þangað fyrr en í febr. næst á eftir, og maðurinn, sem átti að setja vélina í bát, kom ekki fyrr en í apríl. Hvernig sem á er litið, getur gagnáfrýjandi eigi krafist skaðabóta fyrir afnotamissi vélarinnar fyrir lengri tíma en 6 til 8 mánuði (ágúst til febr. eða apríl), enda hefir hann í bréfi sínu til aðaláfrýjanda sjálfs 12. maí 1903 talið skaða sinn í þessu efni eigi meiri en 3000—4000 kr. Skaðabótakrafa hans í málinu, sem hann nú gjörir 12000 kr. er augljóslega langt of há, enda er hún miðuð við 4 ár (1902—06); í réttu hlutfalli við þessa upphæð væri krafan fyrir tímabilið ágúst 1902—febr. 1903, eða eitt missiri, 1500 kr., en þessi upphæð virðist samt enn vera fram úr öllu hófi. Með því að það nú er sennilegt, og nokkur rök enda færð fyrir því í málinu, að aðaláfrýjandi hafi orðið fyrir nokkru fjármunalegu tjóni stafandi af því, að hann fekk motorinn fullu missiri seinna en til stóð eftir samningi málsaðila, þykir það rétt að fela það tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, að meta skaða þann, er gagnáfrýjandi kann að hafa beðið við það, að hann eigi fekk motorinn fyrr en í febr. 1903, í stað þess að hann átti að fá hann í ágúst 1902; þó má skaðabóta-

upphæðin eigi fara fram úr 500 kr.; upphæð þá er hinir dómkvöddu menn kunna að meta, ber svo aðalfrýjanda að greiða til gagnáfrýjanda.

Þá hefir gagnáfrýjandi komið með þá skýrslu í málinu, að aðaláfrýjandi hafi um áramótin 1902—03 selt nafngreindum manni í Reykjavík mótör frá verksmiðju sinni fyrir 1500 kr., og krefst hann 20% af þessari upphæð samkvæmt samningi þeirra málsaðilanna, er þá var enn í gildi. Þessari skýrslu gagnáfrýjanda, sem styðst við vottorð kaupandans að mótörnum, hefir aðaláfrýjandi eigi neitað að öðru en því, að hann segir, að »eftir því er hann frekast viti«, hafi kaupandinn eigi fengið mótörinn fyrir en í apríl 1903. Þessi véfenging er þýðingarlaus fyrir úrslit málsins, því að mótörinn gat alt að einu vel verið seldur um áramótin næst á undan. Það verður því að líta svo á, eins og héraðsdómarinn hefir gjört, að gagnáfrýjandi eigi réttilega heimtingu á sölulaununum, 300 kr., fyrir áminstan mótör, og verður að dæma aðaláfrýjanda til að greiða honum þessa upphæð.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi konsúll H. S. Bjarnarson á Ísafirði greiði aðaláfrýjanda verksmiðjueiganda P. Jørgensen í Kaupmannahöfn 800 kr. með vöxtum 6^o/₁₀ frá 29. jan. f. ár, unz borgun fer fram.

Aðaláfrýjandi nefndur P. Jörgensen greiði gagnáfrýjanda nefndum H. S. Bjarnarson 300 kr.; enn fremur skal aðaláfrýjandi greiða gagnáfrýjanda skaðabætur eftir tveggja óvilhallra dómkvaddra manna mati fyrir það, að aðaláfrýjandi varð af afnotum mótors þess, sem málið um rædir, frá því í ágúst 1902 þangað til í febrúar 1903, eða í 6 mánuði, og mega skaðabæturnar eigi fara fram úr 500 krónum. Málskostnaður falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. aprílmán.

Nr. 51/1906:

Einar Markússon

gegn

Jóhannesi V. H. Sveinssyni.

D ó m u r :

Áfrýjunarstefnan í máli þessu féll í rétt í yfirdómnum 25. febr. þ. á. og var hún þá lögð fram af umboðsmanni áfrýjanda, en hann fekk með samþykki umboðsmanns stefnda 3 vikna frest til að semja sókn í málinu, sem hann hafði þá eigi til búna. Þegar málið næst átti að taka fyrir, hinn 18. f. m., mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hálfu, en umboðsmaður stefnda